LANDSPÍTALI



STARFSÁÆTLUN

# LANDSPÍTALA 2023

**ÞJÓNUSTA**

## Árangursrík meðferð

*Sjúklingar fá bestu meðferð sem völ er á. Þeir njóta faglegrar þjónustu á réttu þjónustustigi og á réttum tíma.*

**Aðgerðir**

- Innleiða nýtt fyrirkomulag á móttöku bráðveikra
- Styrkja dag- og göngudeildarþjónustu

| Mælikvarðar | Staðan | Langtímamarkmið | Markmið 2023 |
|---|---|---|---|
| Hlutfall sjúklinga sem er lagður inn á legudeild innan 6 klst. frá komu á bráðamóttöku | 26% | 100% | 35% |
| Hlutfall sjúklinga sem eru eingöngu í þjónustu dag- og göngudeilda (með bráðamóttöku) | 84% | 90% | 86% |
| Hlutfall bráðaendurinnlagna innan 30 daga frá útskrift | 11,2% | 8% | 10% |

## Þátttaka sjúklinga

*Sjúklingar eru virkir þátttakendur í eigin meðferð og fá fræðslu, upplýsingar og ráðleggingar sem gefa þeim færi á að meta ólíka valkosti í meðferð og bata.*

**Aðgerðir**

- Efla notkun á stafrænni tækni í samskiptum við sjúklinga
- Auka þátttöku sjúklinga í eigin meðferð
- Innleiða þýðingarapp fyrir sjúklinga

| Mælikvarðar | Staðan | Langtímamarkmið | Markmið 2023 |
|---|---|---|---|
| Birting rannsóknaniðurstaðna í sjúklinga appi | Ekki í notkun | Virk notkun | Komið í notkun |
| Þýðingarapp í notkun | Hvergi | Á öllum sviðum | Krabbameinsdeild, kvenlækningar og röntgen |
| Hlutfall sjúklinga sem töldu nægjanlegt samráð haft við sig um útskrift (sjúklingakönnun) | 59% | 100% | 65% |

## Hóflegur biðtími

*Tryggt er að biðtími eftir meðferð sé innan viðeigandi marka í allri þjónustu spítalans.*

**Aðgerðir**

- Samræma stýringu biðlista að opinberum markmiðum
- Innleiða ferli  beiðna og tilvísana

| Mælikvarðar | Staðan | Langtímamarkmið | Markmið 2023 |
|---|---|---|---|
| Hlutfall skurðsjúklinga sem fá valaðgerð innan þriggja mánaða | 64% | 100% | 65% |
| Viðbragðstími við tilvísunum innan 24 klst. á virkum dögum | Í vinnslu | 100% | 85% |

## Þverfagleg teymisvinna

*Sjúklingum er sinnt af teymi fagfólks sem vinnur saman eftir markvissum, skýrum og samræmdum verkferlum.*

**Aðgerðir**

- Þjálfun í þverfaglegu teymisstarfi
- Samræmt verklag í starfsemi bráðalegudeilda

# STARFSFÓLK

## Eftirsóknarverður vinnustaður

*Á Landspítala er unnið eftir framsækinni mannauðsstefnu og jafnréttisáætlun með það að leiðarljósi að halda uppi góðri vinnustaðamenningu sem einkennist af virðingu, jafnrétti og inngildingu. Stjórnendur leggja sig fram um að halda í og laða til sín hæft starfsfólk.*

**Aðgerðir**

- Endurnýjun jafnlaunavottunar
- Innleiðing nýrra starfsánægjukannana
- Innleiðing á áætlun gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi (EKKO)
- Bæta aðstöðu fyrir starfsmenn
- Nýr starfsmannafatnaður
- Nýtt ferli starfsmannasamtala
- Stjórnendaþjálfun

| Mælikvarðar | Staðan | Langtímamarkmið | Markmið 2023 |
|---|---|---|---|
| Hlutfall starfsfólks sem svarar starfsánægjukönnun | 58% | 70% | 65% |
| Starfsánægja skv. MoodUp | 7,2 | > 7,7 | > 7,5 |
| Starfsmannavelta | 15,5% | 11% | 14% |
| Veikindahlutfall | 10,1% | 6% | 7% |

## Starfsþróun

*Starfsfólk viðheldur þekkingu sinni og færni og þróar sig í starfi með formlegri menntun, með því að sækja námskeið, fyrirlestra eða þjálfun og læra nýjar aðferðir sem gerir það hæfara í starfi. Starfsþróun getur einnig þýtt breytingu á verkefnum eða að flytja sig til í starfi innan spítalans. Starfsþróun er samstarfsverkefni starfsfólks og stjórnenda.*

**Aðgerðir**

- Innleiðing nýs námsumsjónarkerfis fyrir sí- og endurmenntun
- Kortlagning á þörf alls starfsfólks fyrir þjálfun í endurlífgun

## Fagleg samskipti

*Vönduð samskipti eru hluti af klínískri meðferð. Starfsfólk styðst við samskiptasáttmála til að tryggja áreiðanleg og vinsamleg samskipti og unnið er eftir samskiptastefnu út á við.*

**Aðgerðir**

- Innleiða samskiptastefnu:
  - Reglur um fjölmiðlaþátttöku starfsfólks
  - Fjölmiðlaþjálfun fyrir stjórnendur
  - Stefna um notkun samfélagsmiðla
  - Samskiptaáætlanir deilda
- Vinna með samskiptasáttmálann

| Mælikvarðar | Staðan | Langtímamarkmið | Markmið 2023 |
|---|---|---|---|
| Þegar á heildina er litið fannst þér komið fram við þig af virðingu á meðan þú dvaldir á spítalanum? Hlutfall þeirra sem svarar Já alltaf (úr þjónustkönnun) | 89% | 99% | 92% |
| Hlutfall stjórnenda sem hefur hlotið fjölmiðlaþjálfun á vegum spítalans | 0% | 100% | 70% |
| Fjöldi deilda/starfseininga með virka samskiptaáætlun | 0 | Allar | 3 |

**ÞEKKING**

## Menntun

*Landspítali sinnir menntun heilbrigðisstarfsfólks og tekur þátt í stefnumótun um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu.*

**Aðgerðir**

- Fjölga menntunartækifærum fyrir heilbrigðisstéttir

## Vísindarannsóknir

*Innan Landspítala eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir í nánu samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri ásamt öðrum heilbrigðisstofnunum og fyrirtækjum á sviði heilbrigðisvísinda*

**Aðgerðir**

- Styrkja innviði vísindastarfs
- Efla klíníska rannsóknarsetrið
- Samræma starfslýsingar prófessora og forstöðumanna fræðasviða milli eininga

| Mælikvarðar | Staðan | Langtímamarkmið | Markmið 2023 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi birtra vísindagreina | 326 | Í vinnslu | Í vinnslu |
| Fjöldi doktors- og meistaranema sem tengjast Landspítala | 307 | Í vinnslu | Í vinnslu |
| Fjöldi nýrra leyfa til rannsókna | 132 | Í vinnslu | Í vinnslu |
| Vísindastyrkir starfsmanna Landspítala | 460 millj. kr. | Í vinnslu | Í vinnslu |

## Nýsköpun

*Gróskumikil nýsköpun á sér stað innan Landspítala og í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir, með það að markmiði að auka gæði þjónustunnar og bæta vinnuaðstæður starfsfólks.*

**Aðgerðir**

- Styrkja og einfalda umsóknasamstarf vegna nýsköpunar fyrir ytri samstarfsaðila
- Þróa verkferla og stafrænar lausnir til að auka gæði klínískrar þjónustu

| Mælikvarðar | Staðan | Langtímamarkmið | Markmið 2023 |
|---|---|---|---|
| Fjölgun beiðna um nýsköpunarsamstarf | 8 | Í vinnslu | 16 |

**UMGJÖRÐ**

## Húsnæði sem hentar

*Húsnæði spítalans er í stöðugri uppbyggingu og endurnýjun til að það mæti þörfum starfseminnar.*

**Aðgerðir**

- Uppbygging Nýs Landspítala
- Viðhald og endurbætur bygginga

## Tækjakostur

*Landspítali er ávallt búinn öflugum tækjabúnaði sem nauðsynlegur er til að gegna hlutverki háskólasjúkrahúss í fremstu röð.*

**Aðgerðir**

- Kortleggja þörf fyrir ný tæki
- Styrkja skráningu og viðhald á núverandi tækjabúnaði
- Tryggja fullnægjandi fjármögnun nauðsynlegra tækja og þjónustusamninga

## Nýting gagna

*Stafrænar lausnir eru þróaðar og nýttar á öllum starfssviðum spítalans. Ýtt er undir sjálfvirkni sem styður við starfsfólk og bætir upplifun og öryggi sjúklinga.*

**Aðgerðir**

- Innleiðing á mælaborðum fyrir fjármál, mannauð og klíníska starfsemi
- Samræmd framsetning gagna
- Skilgreina lykil árangursmælikvarða fyrir klíníska starfsemi

| Mælikvarðar | Staðan | Langtímamarkmið | Markmið 2023 |
|---|---|---|---|
| Notkun á mælaborðum | 0% | 100% | 65% |

## Traustur rekstrargrunnur

*Stöðugt er unnið að því að tryggja traustan rekstrargrunn spítalans svo hann geti sinnt hlutverki sínu eins og best verður á kosið.*

**Aðgerðir**

- Innleiðing á þjónustutengdri fjármögnun (DRG)
- Kostnaðargreining á þjónustunni
- Innleiða vinnuskiplag lækna
- Fullgera mönnnarlíkön fyrir hjúkrun á bráðalegudeildum
- Endurskoðun á innra skipulagi sviða

| Mælikvarðar | Staðan | Langtímamarkmið | Markmið 2023 |
|---|---|---|---|

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hlutfall koma / lega sem lendir í villuflokki | 15% / 0,8% | 0% / 0% | 5% / 0,5% |
| Vinnuskipulag lækna innleitt | Í vinnslu | Lokið á öllum sérgreinum | Lokið á 50% af sérgreinum |
| Framleiddar DRG einingar umfram áætlun | 5,3% | 4% | 4% |

## Gæði og öryggi

*Landspítali starfar eftir virkri gæðastefnu og notast við alþjóðlegar gæðavottanir. Öryggi sjúklinga og starfsfólks er í öndvegi og brugðist er við því sem úrskeiðis fer.*

**Aðgerðir**

- Innleiðing á samræmdu gæðastjórnunarkerfi
- Endurskipulag gæðamála
- Áframhaldandi vinna við gæðavottun
- Hefja innleiðingu alþjóðlegra klínískra leiðbeininga

| **Mælikvarðar** | **Staðan** | **Langtímamarkmið** | **Markmið 2023** |
|---|---|---|---|
| Fjöldi alvarlegra atvika | 8 | 0 | 5 |

## Umhverfismál

*Spítalinn fylgir markvissri umhverfisstefnu til að minnka kolefnissporið og byggja upp heilbrigðisþjónustu sem ekki veldur skaða á umhverfi og heilsu fólks.*

**Aðgerðir**

- Unnið eftir áætlun Landspítala í umhverfismálum 2023–2025

| **Mælikvarðar** | **Staðan** | **Langtímamarkmið** | **Markmið 2023** |
|---|---|---|---|
| Kolefnislosun/stöðugildi/umfang 1 og 2 | 0,21 CO2 ígildi/stöðugildi/umfang 1 og 2 | -59% umfang 1 og 2 | 0,19 CO2 ígildi/stöðugildi/umfang 1 og 2 |
| Kolefnislosun/stöðugildi/umfang 1, 2 og 3 | 0,68 CO2 ígildi/stöðugildi/umfang 1, 2 og 3 | -50% umfang 1, 2 og 3 | 0,62 CO2 ígildi/stöðugildi/umfang 1, 2 og 3 |